# SALUS CONTROLS

# KL08RF

## Uppsetningarleiðbeiningar






**Prófað í samræmi við eftirfarandi EMC tilskipanir:**
* 2004 / 108 / EC
* 2006 / 95 / EC

**Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við um ofangreint tæki.**

### Viðvörun

Uppsetning þessarar vöru er aðeins leyfð af viðurkenndum / menntuðum uppsetningaraðilum Uppsetning verður að fara fram í samræmi við gildandi lög og reglur. Sé það ekki gert getur það valdið líkamstjóni.

### Viðvörun

Alltaf skal aftengja 230 volta rafmagnið frá öryggistöflunni fyrir uppsetningu

### Viðvörun

Jarðtengið er til að tengja jarðtenginguna. Tengið er ekki jarðtengt

**Leiðbeiningar á PDF er hægt að nálgast á www.vatnsvirkinn.is**

www.vatnsvirkinn.is Tæknileg aðstoð +354 510 1400

SALUS Controls áskilur sér rétt til að breyta / uppfæra vöruna án undanfarandi upplýsinga

**Október 2014: Skjal 00106**

# SALUS CONTROLS

Uppsetningarleiðbeiningar **KL08RF**

## Uppsetning og tenging á KL08RF

KL08RF móðurstöð fyrir þráðlaust gólfhitakerfi. Meðfylgjandi CO10RF samstillir er notaður til að stjórna þráðlausa netinu. **1 samstillir getur stjórnað allt að 9 móðurstöðvum. Móðurstöðin skal sett upp innandyra og ekki í rými þar sem rakastig er meira en 95%.**
Hreinsist með þurrum klút. Notið ekki tærandi efni.

**1** Fjarlægið plastlokið með því að snúa plastskrúfunum 4 í 1/4 hring.



**2** Fjarlægðu hvíta tengiborðið



**3** Festu botn KL08RF hússins beint á vegginn eða á DIN-festingu.



**4** Undirbúið tengingu á köplum miðað við eftirfarandi.




**5** Festu tengiborðið aftur.



**6** Festu 230 V vírana í tengin.




**7** Festu 230V kapalinn með kapalfestingunni.



**8** Þrýstið tengingunum frá mótorlokunum í bláu/brúnu tengin.
Hægt er að tengja allt að 3 mótorloka á hverja rás.



**9** Tengið kapalinn frá dælunni í útganginn fyrir dælu til að rjúfa straum að dælu ef ekki er þörf á hitun frá gólfhita.

VOLT FREE




**10** Settu vírana fyrir gas- / olíubrennarann í tengin fyrir rafspennulausa rofann. Kveikt er á brennaranum þegar lágmark 1 svæði kallar á hita.

VOLT FREE




**11** Tengdu vírinn fyrir kælingu við "CO" tengingarnar (rafspennulaus rofi). Opinn rofi tengir saman hita (LED ljós logar rautt). Lokaður rofi tengir kælingu (LED ljós logar blátt).

VOLT FREE

- ● Hiti
- ● Kæling

**12** Tengdu rakaskynjarann við „Dew Point". Rafspennulaus snerting.

VOLT FREE




**13** Festu rafmagnskapalinn frá dælu, vatnshitakút og kælingu með þremur skrúfum.



**14** Stilling á dælutöf / Stopp í vatnshitakút, loftneti og tegund stjórntækis er gert með tengirofum "jumper switch" efst á stjórnboxinu.
**Tengistilling fyrir dælutöf / stopp í vatnshitakút.**

Seinkað dælustopp er 3 mínútur. Seinkað vatnshitastopp er stillt á 0 mínútur við afhendingu. Hægt er að breyta því í 15 mínútur með því að færa rofann til eins og sýnt er hér fyrir neðan.




**Þráðlaus**

Stjórnstöðin kemur stillt á innhúss (intern (INT), sem þýðir að stjórnstöðin notar innanbyggt loftnet. Ef notað er utanáliggjandi loftnet (08RFA) færið þá millitengið yfir í utanáliggjandi (EXT).




**Val á gólfhitalokum**
Stjórnstöðin er forstillt til að nota NC mótorloka (venjulega lokaðir). Ef notað er NO mótorlokar (venjulega opnir) flyst millitengið á NO.




**15** Athugaðu hvort öryggi sé í festingunni



**16** Ef CO10RF er ekki tengt skaltu setja það í móðurstöðina.




**17** Festu plastlokið.



**18** Hleypið straum á. Rauða LED ljósið mun loga.



**19** Ef notað er utanáliggjandi loftnet þarf að stilla millitengið á EXT. Fylgið eftirfarandi:

a. Rjúfðu spennuna

b. Fjarlægðu gúmmítappann yfir loftnetstenginguna sem er staðsettur neðst á stjórnstöðinni.

c. Tengdu loftnetið.

d. Kveiktu aftur á straumnum fyrir móðurstöðina. Inbyggða loftnetið er nú óvirkt og það utanáliggjandi er virkt.



### Ljósdíóðumerki

| Nafn | Litur | Skýring |
|---|---|---|
| Aflrofi | ● | 230V tengt |
| G1 | ● | Þráðlaus virkni í grúppu 1 |
| G2 | ● | Þráðlaus virkni í grúppu 2 |
| Staða á neti | ● | KL08RF er klár til tengingar (pörunar) |
| | ● | KL08RF er tengt við þráðlausa netið |
| Svæði 1 | ● | Hitaþörf á svæði 1. Mótorloki opinn |
| Svæði 2 | ● | Hitaþörf á svæði 2. Mótorloki opinn |
| Svæði 3 | ● | Hitaþörf á svæði 3. Mótorloki opinn |
| Svæði 4 | ● | Hitaþörf á svæði 4. Mótorloki opinn |
| Svæði 5 | ● | Hitaþörf á svæði 5. Mótorloki opinn |
| Svæði 6 | ● | Hitaþörf á svæði 6. Mótorloki opinn |
| Svæði 7 | ● | Hitaþörf á svæði 7. Mótorloki opinn |
| Svæði 8 | ● | Hitaþörf á svæði 8. Mótorloki opinn |
| Pumpa | ● | Dælan í gangi |
| Vatnshitatankur | ● | Vatnshitatankur er í gangi |
| CO | ● | Hitastillir |
| | ● | Kælistillir |

**Tenging KL08RF við ZigBee netið.**




1. Þegar KL08RF er tengd spennu, munu LED ljósin fyrir allar rásir lýsa grænu í stutta stund, eftir það blikkar LED ljósið fyrir netstöðu grænt.
2. Ýttu á takkann og haltu takkanum inni í 5 sekúndur. Takkinn blikkar rauðu sem gefur til kynna að hann sé tilbúinn til pörunar. Stöðuljós netkerfis logar stöðugt grænt þegar það er tengt.
3. Endurtaktu ferlið fyrir öll KL08RF tæki. Hægt er að tengja allt að 9 KL08RF við hvern samstilli.
4. Til að bera kennsl á stjórnstöðvar (KB), ýttu á "pair" í 1 sekúndu. Led ljós lýsa grænu á eftirfarandi svæðum: Svæði 1 = KB1 Svæði 2 = KB 2 o.s.frv.
5. Fyrir pörun VS10RF og VS20RF, sjá lýsingu í handbókinni fyrir hitastillinn
6. Ýttu á fjölstillinn og haltu takkanum inni í 5 sekúndur, þangað til hann lýsir stöðugt rautt.

**Athugið:** Hægt er að endurheimta verksmiðjustillingu með því að ýta á endursetja (reset) með takkanum hægra megin við takkann fyrir pörun.

**Auðkenning á tengdum búnaði.**
- ýttu á samstillinn í 1 sekúndu. Allur búnaður tengdur samstillinum mun blikka. Til að stöðva auðkenni, ýttu aftur á samstillinn í 1 sekúndu.
- Ýttu á og haltu pörunartakka móðurstöðvarinnar inni í 5 sekúndur. Allur búnaður tengdur móðurstöðinni mun blikka. Til að stöðva auðkenni, ýttu aftur á takkann og haltu honum inni í 5 sekúndur.

**Fjarlægja búnað af neti.**
- Til að fjarlægja öll tæki sem tengd eru netinu skaltu halda niðri samstillinum í 15 sekúndur. Liturinn mun breytast úr rauðum í appelsínugulan.
- Til að fjarlægja öll tæki sem tengd eru við móðurstöðina, haltu inni netkerfisstöðu takkanum á stjórntækinu í 15 sekúndur. G1 og G2 LED ljósin munu breytast frá því að blikka rauðu í stöðugt rautt og svo slokkna.

**Athugið:** Eftir að öllum tækjum hefur verið eytt úr kerfinu verður að tengja þau aftur í samræmi við leiðbeiningarnar í handbókunum.